

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 437/2003****2005/EES/49/38****frá 27. febrúar 2003****um hagskýrslur að því er varðar farþega-, vöru- og pósthlutninga í lofti (\*)**

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópu <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til þess að stofnanir Bandalagsins geti leyst af hendi þau verkefni sem þeim eru falin á sviði stefnu Bandalagsins í flutningamálum í lofti verða þær að hafa aðgang að samanburðarhæfum, samstilltum, samræmdum og reglubundnum hagskýrslugögnum um umfang og þróun farþega-, vöru- og pósthlutninga í lofti innan Bandalagsins eða til og frá Bandalaginu.
- 2) Eins og sakir standa eru ekki til slíkar tæmandi hagskýrslur sem ná til alls Bandalagsins.
- 3) Í ákvörðun ráðsins 1999/126/EB frá 22. desember 1998 um hagskýrsluáætlun Bandalagsins 1998 til 2002 <sup>(4)</sup> var greint frá því að þörf er á að gera slíkar hagskýrslur.
- 4) Með sameiginlegri gagnaöflun, sem fram fer á samanburðarhæfan eða samhæfðan hátt, er hægt að koma á samþætту kerfi sem veitir aðgang að áreiðanlegum og samræmdum upplýsingum með skjótum hætti.
- 5) Gögn um farþega-, vöru- og pósthlutninga í lofti skulu, ef unnt er, samrýmast alþjóðlegum gögnum frá Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) og skal vera hægt að bera saman, ef við á, gögn frá mismunandi aðildarríkjum og um mismunandi flutningsmáta.
- 6) Eftir tiltekinn tíma skal framkvæmdastjórnin leggja fram skýrslu til þess að hægt sé að leggja mat á beitingu þessarar reglugerðar.
- 7) Samkvæmt dreiffræðisreglunni, sem mælt er fyrir um í 5. gr. sáttmálans, er einungis unnt að semja sameiginlega hagskýrslustaðla, sem gera öflun samhæfðra gagna mögulega, á vettvangi Bandalagsins Þessa staðla skal nota í aðildarríkjum undir stjórn þeirra aðila og stofnana sem hafa með höndum gerð opinberra hagskýrslna.
- 8) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur Bandalagsins <sup>(5)</sup> er mælt fyrir um viðmiðunarramma fyrir ákvæði þessarar reglugerðar.
- 9) Ráðstafanirnar, sem eru nauðsynlegar vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar, ber að samþykka í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð um meðferð framkvæmdarvalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(6)</sup>.
- 10) Samráð hefur verið haft við hagskýrsluáætlunarnefndina sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE <sup>(7)</sup>.
- 11) Konungsríkið Spánn og Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands komust að samkomulagi í London 2. desember 1987 um tilhögun aukins samstarfs um notkun flugvallarins á Gíbraltar í sameiginlegri yfirlýsingu utanríkisráðherra beggja landanna en þessi tilhögun er ekki enn komin til framkvæmda.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 66, 11.3.2003, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2003 frá 26. september 2003 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 64, 18.12.2003, bls. 38

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 325, 6.12.1995, bls. 11.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 39, 12.2.1996, bls. 25.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 29. febrúar 1996 (Stjtið. EB C 78, 18.3.1996, bls. 28), staðfest 16. september 1999 (Stjtið. EB C 54, 25.2.2000, bls. 79), sameiginleg afstaða ráðsins frá 30. september 2002 (Stjtið. EB C 275 E, 12.11.2002, bls. 33) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 18. desember 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 42, 16.2.1999, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 52, 22.2.1997, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. gr.

**Markmið**

Aðildarríkin skulu gera hagskýrslur um farþega-, vöru- og póstflutninga í áætlunarflugum svo og um flughreyfingar almenningsoftfara til eða frá flugvöllum Bandalagsins, nema að því er varðar flugferðir ríkisloftfara.

## 2. gr.

**Gíbraltar**

1. Beiting þessarar reglugerðar gagnvart flugvellinum á Gíbraltar telst hvorki hafa áhrif á lagalega stöðu Konungsríkisins Spánar né Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands að því er varðar ágreining um yfirráðarétt yfir landsvæðinu þar sem flugvöllurinn er staðsettur.

2. Beitingu þessarar reglugerðar gagnvart flugvellinum á Gíbraltar er frestað þar til tilhögunin, sem kemur fram í sameiginlegri yfirlýsingu utanríkisráðherra Konungsríkisins Spánar og Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands frá 2. desember 1987, er komin til framkvæmda. Ríkisstjórnir Spánar og Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands munu tilkynna ráðinu um dagsetningu þeirrar framkvæmdar.

## 3. gr.

**Eiginleikar gagnasöfnunar**

1. Hvert aðildarríki skal taka saman hagskýrslur að því er varðar eftirfarandi breytur:

- a) farþega,
- b) vörur og póst,
- c) flugáfanga,
- d) framboð á farþegasætum,
- e) flughreyfingar loftfars.

Tölfræðilegar breytur á hverju sviði, flokkunarkerfi þeirra og skráningartíðni er tilgreind í I. og II. viðauka.

2. Hvert aðildarríki skal taka saman öll þau gögn sem sett eru fram í I. viðauka um alla flugvelli Bandalagsins á yfirráðasvæði sínu þar sem umferð farþega nemur meira en 150 000 farþegaeyningum á ári.

Framkvæmdastjórnin skal taka saman skrá yfir flugvelli Bandalagsins, sem falla undir fyrstu undirgrein, og, ef þörf krefur, uppfæra hana í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr.

3. Aðildarríkin skulu einungis senda árlega skýrslu um gögnin, sem eru tilgreind í töflu C1 í I. viðauka, að því er varðar flugvelli sem falla ekki undir ákvæði 2. mgr., að undanskildum flugvöllum þar sem áætlunarflug er tilfallandi.

4. Þrátt fyrir 2. og 3. mgr. getur aðildarríki, að því er varðar flugvelli:

- a) sem færri en 150 000 farþegaeyningar fara um á ári ef ekki hafa verið tekin saman um þá samsvarandi gögn og þau sem eru tilgreind í I. viðauka þegar þessi reglugerð öðlast gildi,
- b) og þar sem mjög erfitt reynist að taka upp nýtt gagnasöfnunarkerfi,

sent ónákvæmari gögn en þau sem um getur í I. viðauka, í takmarkaðan tíma, þó ekki lengur en í þrjú ár frá 1. janúar 2003, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr.

5. Þrátt fyrir 2. mgr. geta aðildarríkin að því er varðar flugvelli:

- a) ef ekki hafa verið tekin saman um þá samsvarandi gögn og þau sem eru tilgreind í töflu B1 í I. viðauka þegar þessi reglugerð öðlast gildi,
- b) og þar sem mjög erfitt reynist að taka upp nýtt gagnasöfnunarkerfi,

sent einungis fyrirliggjandi gögn fram til 31. desember 2003 í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr.

## 4. gr.

**Gagnasöfnun**

1. Til að draga úr álagi á svarendur ber að byggja gagnasöfnunina á fyrirliggjandi heimildum, eftir því sem við verður komið.

2. Svarendum sem aðildarríkin hvetja til að veita upplýsingar er skylt að gefa sannar og ítarlegar upplýsingar innan tilskilinna tímamarka.

## 5. gr.

**Nákvæmni hagskýrslna**

Byggja skal gagnasöfnunina á fullgerðum skýrslum nema settar séu aðrar kröfur um nákvæmni í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr.

6. gr.

### Gagnavinnsla

Aðildarríkin skulu nota aðferðir við gagnavinnslu sem tryggja að gögnin, sem tekin eru saman skv. 3. gr., uppfylli kröfur um nákvæmni sem eru settar fram í 5. gr.

7. gr.

### Afhending niðurstaðna

1. Aðildarríkin skulu senda Hagstofu Evrópubandalaganna niðurstöður gagnavinnslnnar sem um getur í 6. gr., þ.m.t. gögn sem aðildarríkin hafa lýst sem trúnaðarmál samkvæmt landslögum eða venju um trúnaðarkvaðir í hagskýrslum í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97.

2. Senda skal niðurstöðurnar í samræmi við gagnasafnið í I. viðauka. Framkvæmdastjórnin skal tilgreina hvaða gögn ber að senda og á hvaða hátt í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr.

3. Fyrsta athugunartímabilið skal hefjast 1. janúar 2003. Senda skal gögn eins fljótt og unnt er og eigi síðar en sex mánuðum eftir að athugunartímabilinu lýkur.

8. gr.

### Miðlun

1. Tilhögun framkvæmdastjórnarinnar við birtingu eða miðlun á niðurstöðum hagskýrslna skal vera í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal miðla til aðildarríkjanna niðurstöðum viðeigandi hagskýrslna eins oft og mælt er fyrir um að því er varðar sendingu niðurstaðna.

9. gr.

### Skýrslur

1. Aðildarríkin skulu, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, senda allar upplýsingar um aðferðirnar sem eru notaðar við gagnasöfnunina. Aðildarríkin skulu einnig, þar sem við á, tilkynna framkvæmdastjórninni um allar verulegar breytingar sem verða á aðferðunum sem eru notaðar við söfnunina.

2. Eftir að tekin hafa verið saman gögn á þriggja ára tímabili skal framkvæmdastjórnin senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um þá reynslu sem hefur fengist af beitingu þessarar reglugerðar, einkum 7. og 8. gr.

10. gr.

### Tilhögun framkvæmdar

Framkvæmdastjórnin skal mæla fyrir um tilhögun á framkvæmd þessarar reglugerðar, þ.m.t. ráðstafanir varðandi aðlögun að efnahags- og tækniframförum, einkum:

- aðlögun að forskriftunum í viðaukunum við þessa reglugerð,
- aðlögun að eiginleikum gagnasöfnunar (3. gr.),
- skrá yfir flugvelli Bandalagsins sem falla undir 2. mgr. 3. gr.,
- nákvæmni hagskýrslna (5. gr.),
- lýsingu á þeim gagnaskrá, kóðum og miðli sem nota skal þegar framkvæmdastjórninni eru sendar niðurstöður (7. gr.),
- miðlun á niðurstöðum hagskýrslna (8. gr.),

í samræmi við málsmeðferðina sem er tilgreind í 2. mgr. 11. gr.

11. gr.

### Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrslu-áætlunarnefndar sem komið var á fót með 1. gr. ákvörðunar 89/382/EBE, KBE.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

12. gr.

### Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. febrúar 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. CHRISOCHOÏDIS

forseti.

## I. VIÐAUKI

## FÆRSLUSNIÐ GAGNASENDINGA TIL HAGSTOFU EVRÓPUBANDALAGANNA

## A. FLUGÁFANGAGAGNAGRUNNUR (A.M.K. ÁRSFJÓRÐUNGSLEG GÖGN)

Gögn um „flugáfang“ eiga einungis við um áætlunarflug.

Framsetning gagnaskrár

Þættir	Lýsing kóða	Flokkunarkerfi	Eining
Tafla	Tveir bókstafir	A1	
Skýrslugjafarland	Tveir bókstafir	(1) ICAO-einkennisstafir ríkis	
Viðmiðunarár	Tveir tölustafir	áá	
Viðmiðunartímabil	Tveir tölustafir	(2) Statra 291, endursk., apríl 1991	
Skýrslugjafarflugvöllur	Fjórir bókstafir	(3) Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO)	
Næsti flugvöllur á eftir/undan	Fjórir bókstafir	(3) Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO)	
Koma/brottför	Einn tölustafir	1 = koma 2 = brottför	
Reglubundið áætlunarflug/óreglubundið flug	Einn tölustafir	1 = reglubundið áætlunarflug 2 = óreglubundið flug	
Farþegaflutningar/vöru- og póstflutningar	Einn tölustafir	1 = farþegaflutningar 2 = vöru- og póstflutningar	
Upplýsingar um flugfélag		(4) Á eftir að skilgreina	
Gerð loftfars	Fjórir bókstafir	(5) ICAO + kóði þjónustuflegs	
Farþegar um borð	Tólf tölustafir		Farþegar
Vörur og póstur um borð	Tólf tölustafir		Tonn
Flug	Tólf tölustafir		Flug
Framboð á farþegasætum	Tólf tölustafir		Farþegasæti

## B. GAGNASAFN YFIR UPPRUNA- EÐA ÁKVÖRÐUNARSTAÐ FLUGS (A.M.K. ÁRSFJÓRÐUNGSLEG GÖGN)

Gögn um „uppruna- eða ákvörðunarstað flugs“ eiga einungis við um áætlunarflug.

Framsetning gagnaskrár

Þættir	Lýsing kóða	Flokkunarkerfi	Eining
Tafla	Tveir bókstafir	B1	
Skýrslugjafarland	Tveir bókstafir	(1) ICAO-einkennisstafir ríkis	
Viðmiðunarár	Tveir tölustafir	áá	
Viðmiðunartímabil	Tveir tölustafir	(2) Statra 291, endursk., apríl 1991	
Skýrslugjafarflugvöllur	Fjórir bókstafir	(3) Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO)	
Uppruna-/ákvörðunarflugvöllur flugs	Fjórir bókstafir	(3) Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO)	
Koma/brottför	Einn tölustafir	1 = koma 2 = brottför	

Þættir	Lýsing kóða	Flokkunarkerfi	Eining
Reglubundið áætlunarflug/óreglubundið flug	Einn tölustafir	1 = reglubundið áætlunarflug 2 = óreglubundið flug	
Farþegaflutningar/vöru- og póstflutningar	Einn tölustafir	1 = farþegaflutningar 2 = vöru- og póstflutningar	
Upplýsingar um flugfélag		(4) Á eftir að skilgreina	
Fluttir farþegar	Tólf tölustafir		Farþegar
Hlaðnar/afhlaðnar vörur og póstur	Tólf tölustafir		Tonn

## C. FLUGVALLARGAGNASAFN (A.M.K. ÁRLEG GÖGN)

„Flugvallargögn“ eiga einungis við áætlunarflug, þó ekki „heildarflughreyfingar loftfara“ sem eiga við flughreyfingar allra loftfara.

Framsetning gagnaskrár

Þættir	Lýsing kóða	Flokkunarkerfi	Eining
Tafla	Tveir bókstafir	C1	
Skýrslugjafarland	Tveir bókstafir	(1) ICAO-einkennisstafir ríkis	
Viðmiðunarár	Tveir tölustafir	áá	
Viðmiðunartímabil	Tveir tölustafir	(2) Statra 291, endursk., apríl 1991	
Skýrslugjafarflugvöllur	Fjórir bókstafir	(3) Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO)	
Heildarfjöldi fluttra farþega	Tólf tölustafir		Farþegar
Heildarfjöldi farþega í beinni gegnumferð	Tólf tölustafir		Farþegar
Heildarmagn hlaðinna/afhlaðinna vara og pósts	Tólf tölustafir		Tonn
Heildarflughreyfingar loftfars í áætlunarflugi	Tólf tölustafir		Flughreyfing
Heildarflughreyfingar loftfars	Tólf tölustafir		Flughreyfing

## KÓÐAR

## 1. Skýrslugjafarland

Skráningarkerfið, sem er notað, er í samræmi við stuðul Alþjóðaflugmálastofnunarinnar yfir einkennisstafi ríkis fyrir staðarauðkenni.

Belgía	EB
Danmörk	EK
Frakkland	LF
Þýskaland	ED
Grikkland	LG
Írland	EI
Ítalía	LI
Lúxemborg	EL

---

Holland	EH
Portúgal	LP
Spánn	LE
Breska konungsríkið	EG
Austurríki	LO
Finnland	EF
Svíþjóð	ES

## 2. Viðmiðunartímabil

- 45 ár
- 21 Janúar - mars (fyrsti ársfjórðungur)
- 22 Apríl - júní (annar ársfjórðungur)
- 23 Júlí - september (þriðji ársfjórðungur)
- 24 Október - desember (fjórði ársfjórðungur)
- 1 til 12 Janúar - desember (mánuður)

## 3. Flugvellir

Flugvallakóðar skulu vera í samræmi við fjögurra bókstafa kóða Alþjóðaflugmálastofnunarinnar eins og skráð er í ICAO-skjali 7910.

## 4. Upplýsingar um flugfélag

Upplýsingar sem tengjast flugfélaginu. Ákvarða skal kóða þessarar breytu samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um 2. mgr. 11. gr.

## 5. Gerð loftfars

Kóða skal gerð loftfars samkvæmt kennimerkjum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á gerðum flugvéla eins og skráð er í ICAO-skjali 8643.

---

## II. VIÐAUKI

## SKILGREININGAR

**Flugvöllur Bandalagsins**

Öll svæði í aðildarríki sem heyra undir ákvæði sáttmálans og eru opin fyrir flutningaflug.

**Áætlunarflug**

Flutningaflug eða röð flugferða almenningsloftfars gegn greiðslu til eða frá flugvöllum Bandalagsins. Flugþjónusta getur verið reglubundið áætlunarflug eða óreglubundið flug.

**Reglubundið áætlunarflug**

Flugþjónusta sem hefur alla eftirfarandi eiginleika:

1. Notað er loftfar sem er ætlað til farþega-, vöru- og/eða pósthutninga gegn greiðslu og almenningi stendur til boða að kaupa hvert flugsæti (annaðhvort beint af flugfélaginu eða frá viðurkenndum umboðsaðilum þess).
2. Flugið er á milli tveggja eða fleiri flugvalla, annaðhvort:
  - a) samkvæmt útgefni áætlun, eða
  - b) með svo reglulegu og tíðu flugi að telja má að um reglubundnar ferðir sé að ræða.

**Óreglubundið flug**

Önnur þjónusta gegn gjaldi en sú sem fjallað er um undir liðnum reglubundið áætlunarflug, þ.m.t. þjónustuflyg.

**Farþegaflug**

Allar flugferðir sem einn eða fleiri farþegar greiða fyrir og allt flug sem býður upp á farþegaflug samkvæmt tímaáætlun.

**Vöru- og pósthutningar**

Reglubundið áætlunarflug eða óreglubundið flug loftfars sem flytur annan farm en farþega, þ.e. vörur og póst.

**Flug ríkisloftfara**

Allt flug í tengslum við her, tollamál, lögreglu, prótókollmál eða slökkvistarf.

**Farþegaæiningar**

Að því er varðar gerð skráar yfir flugvelli Bandalagsins, eins og um getur í 2. mgr 3. gr., og aðlögunartímabilið, sem um getur í 4. mgr. 3. gr., jafngildir ein farþegaæining einum farþega eða 90 kílóum af vörum eða pósti.

**Flugfélag**

Fyrirtæki sem stundar flutninga í lofti og hefur gilt flugrekstrarleyfi. Ef flugfélög sinna sameiginlegu verkefni eða hafa gert aðra samninga sín á milli og tvö þeirra eða fleiri þurfa hvert um sig að taka á sig ábyrgð að því er varðar útboð og sölu á flutningaþjónustu fyrir flug eða samsett flug skal tilkynna það flugfélag sem í raun sér um flugið.

**Flugáfangi**

Flugáfangi er rekstur loftfars frá flugtaki til landingar. Ekki skal flokka flugáfanga á annan hátt þrátt fyrir að millilenda þurfi af tæknilegum ástæðum. Flokka skal umferð, án tillits til eðlis hennar (farþega-, vöru- og pósthutningar), á sama hátt og flugáfanga loftfarsins.

**Flug**

Fjöldi flugferða milli flugvallartvennda í flugáfanga.

**Farþegar um borð**

Allir farþegar sem hefja eða ljúka ferð sinni á skýrslugjafarflugvelli, þ.m.t. farþegar í tengiflugi og í beinni gegnumferð.

**Farþegar í beinni gegnumferð**

Farþegar sem halda áfram ferð sinni með flugi sem hefur sama flugnúmer og komuflugið.

**Vörur og póstur um borð**

Allur varningur sem fluttur er með loftfari, annar en birgðir og farangur, þ.m.t. sekkir fyrir hraðflutninga og töskur diplómata, þó ekki farangur farþega.

**Framboð á farþegasætum**

Heildarfjöldi farþegasæta sem er til sölu milli hverrar flugvallartvenndar á flugáfangi (þó ekki sæti sem eru í raun ekki ætluð til farþegaflutninga vegna takmarkana á hámarksbrúttóþyngd). Ef upplýsingar um nákvæma sätaskipan í loftfari liggja ekki fyrir er heimilt að leggja fram áætluð gögn.

**Uppruna- eða ákvörðunarstaður flugs**

Flutningar í tilteknu flugi með sama flugnúmer, sundurliðað eftir flugvallartvenndum í samræmi við borðgöngu- og landgöngustaði flugsins. (Að því er varðar farþega eða vörur ef flugvöllur þar sem gengið er um borð er óþekktur skal upphafsstaður loftfarsins teljast borðgöngustaður. Á sama hátt skal áfangastaður loftfarsins teljast landgöngustaður ef flugvöllur þar sem gengið er frá borði er óþekktur.)

**Fluttir farþegar**

Allir farþegar sem hefja eða ljúka ferð sinni á skýrslugjafarflugvelli, þó ekki farþegar í beinni gegnumferð.

**Loftfar hlaðið eða afhlaðið vörum og pósti**

Loftfar sem er hlaðið eða afhlaðið hvers konar varningi, öðrum en birgðum og farangri, þ.m.t. sekkir fyrir hraðflutninga og töskur diplómata en ekki farangur farþega.

**Heildarflughreyfingar loftfars**

Flugtak og landing allra annarra loftfara en herloftfara, þ.m.t. verkflug, þ.e. sérhæfður flugrekstur loftfara í atvinnuskyni þar sem loftfarið sem er einkum notað í landbúnaðar- og byggingarstarfsemi eða til ljósmyndunar- og könnunarflugs.

**Heildarflughreyfingar loftfara í áætlunarflugi**

Flugtak og landing allra almenningsloftfara, sem er flogið gegn greiðslu.

---